



# REGLUGERÐ UM ÍSLANDSMÓT Í GOLFI Í UNGLINGAFLOKKUM 14 ÁRA OG YNGRI

## 1. kafli

### 1. gr.

GSÍ gengst árlega fyrir Íslandsmóti í golfi í unglingaflokkum 14 ára og yngri.

### 2. gr.

Stjórn GSI skal auglýsa mótið og hafa yfirumsjón með framkvæmd þess. Hún skal skipa mótsstjórn í samráði við klúbbinn þar sem mótið fer fram a.m.k. einum mánuði fyrir mótið. Stjórn GSÍ skal skipa a.m.k. einn dómara á hvern keppnisvöll. Viðkomandi klúbbur skal leggja dómurum og mótsstjórn til golfbíla, talstöðvar eða önnur fjarskiptatæki og sjá um kostnað vegna mótsstjórnar og dómara. Skipaður dómari í flokkum 15 ára og eldri skal hafa landsdómararéttindi. Framkvæmd mótsins skal vera í samræmi við lágmarkskröfur í viðauka I.

### 3. gr.

Stjórn GSÍ ákveður þáttökugjöld sem renna til klúbbsins þar sem mótið fer fram.

GSÍ á allan rétt gagnvart ljósvakamiðlun frá mótinu. Sá klúbbur sem heldur mótið á hverjum tíma skal útvega fjölmiðlum viðeigandi aðstöðu í klúbbhúsi. Stjórn GSÍ hefur rétt til að kynna samstarfsaðila sína á þeim golfvöllum sem Íslandsmótið fer fram, í formi skilta, með fánum eða öðrum þeim hætti sem stjórn GSÍ ákveður. Þá skal merki GSÍ ávallt koma fram á öllu því efni sem útgefið er í sambandi við mótið og jafnframt vörumerki þeirra aðila sem eru samstarfsaðilar GSÍ að mótinu.

### 4. gr.

Mótsstjórn ákveður skráningarfrest, en getur þó heimilað þátttöku berist tilkynning síðar, enda hafi hámarksfjölda þátttakenda ekki verið náð.

### 5. gr.

Almennir keppnisreglur og almennar staðarreglur, sem stjórn GSÍ setur, skulu gilda í mótinu. Mótsstjórn getur þó auglýst viðbætur og frávik ef þörf krefur. Jafnframt skal hún hafa eftirlit með merkingum vallar og holustaðsetningum og getur ákveðið breytingar. Þá getur mótsstjórn ákveðið að fresta eða fella niður umferð eða umferðum vegna veðurs. Staðarreglur og keppnisreglur skulu vera fyrir hendi þegar á fyrsta æfingadegi.

Öll notkun tóbaks, þ.m.t. munntóbaks, er bönnuð í klúbbhúsum og á keppnisvelli.

### 6. gr.

Þáttökugjöld skulu greidd við skráningu. Þáttökugjald fæst einungis endurgreitt séu forföll



boðuð eigi síðar en kl. 18:00, þremur dögum fyrir fyrsta keppnisdag.

## 2.kafli

### 7. gr.

Þátttökurétt hafa (a) íslenskir ríkisborgarar og (b) erlendir kylfingar eftir a.m.k. þriggja ára samfellda búsetu hérlandis. Þátttakendur skulu vera félagar í golfklúbbi innan vébanda GSÍ.

Keppt skal í eftirtöldum flokkum:

Stúlknaflokkur 12 ára og yngri, hámarksforgjöf 40,0	27 holu högggleikur án forgjafar
Stúlknaflokkur 13-14 ára, hámarksforgjöf 32,0	54 holu högggleikur án forgjafar
Piltaflokkur 12 ára og yngri, hámarksforgjöf 40,0	27 holu högggleikur án forgjafar
Piltaflokkur 13-14 ára, hámarksforgjöf 32,0	54 holu högggleikur án forgjafar

Aldur miðast við almanaksár. Hámarksforgjöf miðast við forgjöf þátttakanda kl. 8:00 morguninn eftir að skráningarfresti lýkur.

Þátttökurétt í hverjum flokki hafa, í þessari röð:

1. Efstu leikmenn á unglíngastígalista GSÍ á yfirstandandi ári í viðkomandi flokki, þegar skráningarfresti lýkur. Mótsstjórn ákveður fjölda leikmanna. Ef tveir eða fleiri leikmenn eru jafnir í síðasta sætinu skulu þeir báðir/allir fá þátttökurétt.
2. Sigurvegarar á áskorendamótum á yfirstandandi ári í flokkum 10 ára og yngri, 12 ára og yngri og 14 ára og yngri.
3. Aðrir leikmenn með lægstu forgjöf kl. 8:00 morguninn eftir að skráningarfresti lýkur. Standi val á milli keppenda með sömu forgjöf skal hlutkesti ráða.

Mótsstjórn ákveður hámarksfjölda leikmanna og fjölda leikmanna í hverjum flokki.

Óheimilt er að hafa fleiri en þrjá keppendur í hverjum ráshóp.

Mótsstjórn er heimilt að:

- a) Sameina flokka ef skráðir leikmenn í flokki eru færri en fjórir.
- b) Hafa niðurskurð í öðrum eða báðum flokkum 13-14 ára að loknum 36 holum. Reglur um niðurskurðinn skulu þá koma fram í keppnisskilmálum.
- c) Fjölga keppendum í einstökum flokkum til að fylla í ráshópa, jafnvel þótt heildarfjöldi keppenda fari við það yfir auglýstan hámarksfjölda.

### 8. gr.

Skylt er að keppnisvellir sé opnir til æfinga fyrir skráða keppendur í minnst 2 daga fyrir mót. Heimilt er mótsstjórn að takmarka æfingu við eina umferð og skipuleggja rástíma ef með þarf.

### 9. gr.

Ef jafnt er að loknum 27 holum í flokki 12 ár og yngri og 54 holum hjá 13-14 ára skal leika bráðabana um 1. sæti. Ekki skal leikið um önnur sæti, heldur teljast viðkomandi leikmenn



jafnir. Veita skal þrenn verðlaun í hverjum flokki og skal farandgripur fylgja 1. verðlaunum.

**10. gr.**

Mótsstjórn ákveður rástíma og leikröð keppenda og skal hún kynnt ekki síðar en á fyrsta æfingadegi.

**11. gr.**

Sigurvegarar hljóta titlana Íslandsmeistari viðkomandi flokks.

**12. gr.**

Að öðru leyti gilda móta- og keppendareglur GSÍ.

*Þannig samþykkt af stjórn GSÍ 20. mars 2023.*



## VIÐAUKI I

### Kröfur um framkvæmd og umgjörð

Eftirfarandi lágmarkskröfur eru gerðar til mótsstjórnar um framkvæmd og umgjörð mótsins.

#### 1. Fánar

Á mótsstað skal flagga a.m.k. íslenska fánanum, fána klúbbsins þar sem mótið fer fram og fána GSÍ.

#### 2. Ræsing

Fulltrúi mótsstjórnar skal sjá um ræsinguna allra ráshópa.

#### 3. Skil skorkorta

Afmarka skal sérstakt skilasvæði skorkorta (helst lokað herbergi). Þar skal fulltrúi mótsstjórnar taka á móti öllum leikmönnum að leik loknum og aðstoða þá við frágang skorkorta. Starfsmaðurinn skal m.a. bera skor leikmanna undir þá og tryggja að engu sé ábótavant í útfyllingu skors og undirritun skorkorta.